

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2009 frá 29. maí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 658/2007 frá 14. júní 2007 um fjárhagsleg viðurlög við brotum á tilteknum skyldum í tengslum við markaðsleyfi sem veitt eru samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 15zi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1234/2008) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„15zj. **32007 R 0658**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 658/2007 frá 14. júní 2007 um fjárhagsleg viðurlög við brotum á tilteknum skyldum í tengslum við markaðsleyfi sem veitt eru samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtið. ESB L 155, 15.6.2007, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þegar um ræðir markaðsleyfishafa, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki, skal það EFTA-ríki fara með réttinn til að beita markaðsleyfishafa fjárhagslegum viðurlögum í samræmi við 3. mgr. 84. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnar **Evrópubandalaganna**.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 658/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 155, 15.6.2007, bls. 10.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2009 frá 29. maí 2009, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) **Stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.